

SÝNIEINTAK
-má ekki fjarlægja

SKÝRSLA UM
JARDHITAATHUGANIR Í LEIRÁRSVEIT

eftir
Jón Jónsson
og
Guðmund Pálason

Jón Jónsson:

JARDFRÆDILEGAR ATHUGANIR VID LEIRÁRLAUG

Leirárlaug kemur upp í eystri hakka Leirár í grænleitu, nokkuð ummynduðu millilagi milli blágrytislags.

Millilag þetta er um 1,5 m þykkt við laugina. Blágrytlögunum hallar þarna um $8-10^{\circ}$ suðaustur. Allt það blágryti, sem kemur fram við laugina og nokkur hundruð m. niður með ánni er hvað öðru líkt og eins er það blágryti, sem stendur upp úr mýrunum hér og þar austur með fjallsrótunum ofan við mýrarnar. Það er dökkt, fínkornótt og afar hart og vottar ekki fyrir myndbreytingu í því, a.m.k. ekki svo að séð verði með berum augum. Bendir þetta til þess að ekki hafi hér verið um mikinn jarðhita að ræða. Blágrytið er vafalaust tertiert.

Sú staðreynd að laugin kemur upp í millilagi milli blágrytislags, sem hallar suðaustur, bendir mjög ákveðið til þess að hið heita vatn komi einmitt úr þessari átt, þ.e. suðaustan eða austan frá. Það fylgir þeim millilögum, sem gljúpust eru, en blágrytlöggin eru yfirleitt pétt. Þetta hefur í för með sér að örðugt er að segja hvaðan hið heita vatn að öðru leyti raunverulega kemur.

Að botni Leirár, um 300 m sunnan við laugina kemur fram líparít, en ekki er að svo stöðdu mögulegt að fera sönnur á hvort heldur þar er um að ræða gang, innskotslag eða fornt líparíthraun. Líparít er ekki annars staðar á þessu svæði, að því er séð verður. Þó er það í Skarðsheiði og Leirá ber með sér allmikið af því þaðan. Líparítin er nokkuð "hydrotermalt" ummyndað, en það er raunar mjög venjulegt um líparít hér á landi.

Blágrytisgangar tveir sjást í fjalllinu fyrir ofan laugina og liggja þeir að því er virðist í stefnu N.A.-S.V. og er lífklega um 200 m milli þeirra. Þeir eru þunnir. Gangar þessir hafa ekki verið athugaðir nánar. Þunnur blágrytisgangur (ca. 60 cm) er við ána rétt vestan við Leirárlaug. Vantanlega er það sá hinn sami sem kemur fram í fjalllinu fyrir ofan. Við segulmælingu kom gangur þessi ekki fram á segullínunni. Hann virðist nokkuð óreglulegur og hallinn er N.V. Bergið í gangi þessum er mjög líkt blágrytinu í kring, og myndbreytingar verður ekki vart í því.

Rétt norðan við Leirárlaug er hverahrúður á nokkrum stöðum í mýrinni. Vestan við ána, líklega um 150 m vestur frá lauginni er fremur lítið hverahrúður og í því 15°C heitt vatn.

Sennilega eru þetta leifar hins forma Leirárhvers, sem Eggert Ólafsson getur um í ferðasögu sinni (Ferðabók Eggerta og Bjarna I. bls. 72, Reykjavík 1943).

Örskammt þaðan kemur volgt vatn út úr melnum vestan við laukinn. Það kemur úr malarlagi milli tveggja leirlaga og reyndist vera 9°C heitt. Ekki var áður vitað um jarðhita á þessum stað. Jarðhitavottur er sagt að sé syðst á Leirárdalnum. Norðaustur af Leirárlaug er dálftið hverahrúður neðan við malaröldu, sem nú er að mestu hulin jarðvegi. Alda þessi mun vera forn sjávarmörk og liggur í um 60 m hæð y.s. Um 600 m austur frá lauginni og frá henni í stefnu á Miðfellasmúla er allmikið hverahrúursvæði við lauk, sem myndast af rennsli úr mýrunum. Lækur þessi fellur í Leirá milli þeirra Leirár og Leirárgarða.

Að hrúursvæði þessu verður nú ekki vart jarðhita.

Um aldur hrúursins verður ekkert sagt með vissu, að svo komnu máli, þó má geta þess að efst á svæðinu liggur um 1 m þykjur jarðvegur ofan á hverahrúðri. Líklegt má telja að sá jarðvegur hafi naumast myndast á skemmti tíma en þúsundum ára.

Af því sem hér hefur verið sagt er ljóst, að jarðhitinn í Leirársveit er óreglulega dreifður um allstórt svæði, og verður ekki séð að hann fylgi nokkrum reglulegum línum þar sem hann kemur eða hefur komið fram á yfirborði. Hér virðist því hið heita vatn aðallega fylgja millilögum í blágrýtinu.

JARDVIDNÁMSMELINGAR

Gerðar voru mælingar á jaröviðnámi á alls 4 stöðum, til að kanna breytingu þess með dýpinu. Þrír af þessum stöðum eru sýndir á meðfylgjandi lauslegum uppdrætti af sveðina kringum Leirárlaug. Lína nr. 1 er skammt vestan við laugina, lína 2 í myri um 200 m austan við nr. 1 og lína 3 er vestan Leirár skammt frá lítilli laug, sem þar er. Fjórða línan, sem ekki sést á uppdrættinum, var á hverahrúðursvæði um 600 m austur af Leirárlaug.

Rafviðnám bergs lækkar að öðru jöfnu með vaxandi hita. Þær hitinn örth vaxandi með dýpi, settu mælingarnar að gefa það til kynna með lækkandi viðnámi. Mælingarnar á þessum 4 stöðum sýndu nokkra lagskiptingu hvað viðnám snertir, en enga ótvíræða lækkun með dýpi, er mætt að stafaði af örth vaxandi hita. Viðnámið er yfirleitt milli 50 og 200m. Nokkrum lægra og einnig nokkrum hærra viðnám kemur þó fyrir.


Lína 4 á hverahrúðursvæðinu hafði stefnu SV-NA. Til að kanna hvort viðnámið væri háð stefnu línumnar voru gerðar tvar mælingar á línu, sem stefndi SA-NV, þ.e. hornrétt á nr. 4. Gáfu þessar mælingar mjög svipað viðnám og á línu 4, og bendir það til þess að viðnámið sé ekki háð stefnu viðnáms-línumnar á þessum stað.

SEGULMELINGAR

Gerðar voru segulmælingar eftir tveimur línum með stefnu nokkurn veginn austur og vestur. Er staðsetning þeirra sýnd á uppdrættinum. Var tilgangur þessara mælinga sá að kenna, hvort um ganga væri að reða á þessu svæði. Á línu nr. 1 nálegt vesturenda hennar virtist geta verið um gang að reða, en að öðru leyti var engin meiri háttar segulskekkja sjáanleg á þessari línu. Til að kenna nánar þennan hugsanlega gang var önnur lína tekin sunnan árinnar, þar sem sennilegt var að stefna ganga væri SV-NA. Þessi lína sýndi aftur á móti litla sem enga segulskekkju og bendir það til þess, að ekki hafi verið um gang að reða nálegt vesturenda línu 1.

Við ána norðanverða milli segullínanna var hins vegar sjáanlegur þunnur gangur og var stefna hans þannig, að hann liggur yfir báðar segullínurnar. Ekki er þó sjáanleg af hans völdum nein veruleg segulskekkja.

Um niðurstöður jarðviðnáms- og segulmælinganna er í stuttu máli það að segja, að þer virðast ekki vera í andstöðu við hina jarðfræðilegu niðurstöðu, að laugar á þessu svæði standi í sambandi við millilög í hallandi basaltlögum.



1324 '59 GP/FJ

Tar. 1

Leirá

Prn. 4291

Leirá í Leirársveit

Segulatællingar

3. og 6. apríl 1959

Leirá í Leirársveit

Segulmælingar

Sternubreyting

J

J

J

J

J

J

J

100 metrar

75

50

25

0

